



Nú góð ráð fyrir búðarferðina á COVID-19 tímum

1. Áður en farið er inn í verslun skal setja upp ónotaða einnota grímu eða hreina fjölnota grímu. Gríman þarf að hylja bæði nef og munn. Sjá nánari leiðbeiningar vegna grímunotkunar hér: <https://www.covid.is/grimur-gera-gagn>
2. Þvo skal hendur áður og eftir að farið er í matvöruverslun. Þvo skal hendur með volgu vatni og handsápu í a.m.k. 20 sekúndur.
3. Nota skal handspritt sem er í boði í verslun, áður og eftir að snertifletir eru snertir, eins og t.d. handföng á kerrum, kæliskápum og áhöldum í sjálfsafgreiðslu.
4. Hanskanotkun viðskiptavina í verslun kemur ekki í staðinn fyrir góðan handþvott. Hanskar geta veitt falska vörn.
5. Forðast skal snertingu við andlit. Það gildir hvort sem hanskar eru notaðir eða ekki.
6. Haltu a.m.k. 2 metra fjarlægð frá næsta viðskiptavini.
7. Fara skal eftir umgengnisreglum sem hanga uppi í matvöruverslunum og við sjálfsafgreiðslubari verslanna, eins og t.d. brauðbari, sælgætisbari og salatbari.
8. Fara skal sem sjaldnast í matvöruverslun og aðeins einn af hverju heimili ef hægt er. Ef þú þekkir einhvern sem er í áhættuhóp er tilvalið að nýta ferðina og bjóðast til að kaupa inn fyrir viðkomandi í leiðinni.
9. Gott er að vera skipulagður. Fara skal með innkaupalista í búðina, þá er hver og einn viðskiptavinur fljótari að versla og dvelur því skemur í versluninni. Gott ráð er að skrifa innkaupalistann upp eftir skipulagi verslunarinnar. Það dregur úr óþarfa rápi á milli búðarrekka.